STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 1989

8. mars 1989 229 Nr. 98

REGLUGERÐ

um bann við dragnóta- og línuveiðum í Eyjafirði.

1. gr.

Frá og með 11. mars 1989 til og með 15. apríl 1989 eru allar veiðar með línu og dragnót bannaðar á Eyjafirði innan línu, sem dregin er milli eftirtalinna punkta:

1. 66°04'0 N – 18°31'6 V
2. 66°03'0 N – 18°17'5 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. mars 1989.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 17, nr. 98. Útgáfudagur 10. mars 1989. B 18

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg